



Menntaskólinn við Sund

G N O Þ A R V O G I 4 3, 1 0 4 – R E Y K J A V Í K, S Í M I: 5 5 3 - 7 3 0 0,
B R É F S Í M I: 5 6 8 - 3 8 3. H E I M A S Í Ð A: H T T P : / / W W W . M S U N D . I S

Fréttaskot úr skólalífinu,
október 2001. Umsjón og
ábyrgð: Már Vilhjálmsson

STUBBUR

ÁRGANGUR 1, TBL. 3

Smælki

Félagslif nemenda:

Nemendafélag MS hélt stórtónleika í samvinnu við Hjómalind í skólanum 10. október. Tókust tónleikarnir vel þrátt fyrir að aðsókn hefði mátt vera betri.

Meðal atburða í félagslifi nemenda á þessari önn má nefna ýmsa viðburði: Upplstur úr fagur-bókmenntum (bókum um Einar Áskel), ræðu-námskeið, hattadag, málþing SMS, skemmti-kvöld o.fl.

Þá er leikfélag MS, Talía, að undirbúa frumsýningu á nýju leikriti undir leikstjórn Agnars Jóns Egilssonar. Íþróttaráð er með ýmislegt í poka-horninu og '85 ballið og '85 vikan eru fyrirhuguð í nóvember. Jólabbalið verður svo að sjálfsögðu í desember.

Breytingar á stjórn nemendafélagsins:

Sú breyting hefur orðið að stjórn nemendafélagsins að Stefán Stefánsson hefur látið af störfum sem gjaldkeri en Katrín Tinna Gauksdóttir hefur tekið við því embætti.

Vefsíða nemenda-félagsins er:
<http://www.belja.is>


Undirbúningur að því að MS verði móður-skóli:

Vinna að undirbúningi þess að skólinn verði móðurskóli á afmörkuðu sviði bóknáms gengur skv. áætlun. Stefnt er að ljúka þeirri vinnu fyrir áramót.

Vefsíða skólans er:
<http://www.msund.is>

Nýtt skipurit Menntaskólans við Sund

Nýtt skipurit fyrir Menntaskólann við Sund hefur verið tekið í notkun. Meðal helstu breytinga má nefna skýra skiptingu í kennslu- og þjónustusvið og nýtt stjórnunarstig faglegra stjórnenda sviðsstjóra, auk ráðningu nýrra verkefnastjóra.



Nýjar verkefnaráðningar við skólann eru hluti af stofnanahluta kjarasamnings kennara og ríkisins

Gengið hefur verið frá ráðningu sviðsstjóra og verkefnastjóra í samræmi við samkomulag samstarfsnefndar MS sem undirritað var 22. ágúst sl. Eftirtaldir kennarar hafa verið ráðnir sem sviðsstjórnar þetta skólaár:

Náttúrugreina- og íþróttasvið: *Ágúst H. Bjarnason*

Félagsgreina- og sögu svið: *Lóa Steinunn Kristjánsdóttir*

Tungumálasvið: *Guðný Rögnvaldsdóttir*

Stærðfræði- og tölvugreinasvið: *Lárus Ingólfsson*

Íslensku- og listgreinasvið: *Sveinn M. Árnason*

Hlutverk sviðsstjóra er m.a. stefnumótun varðandi faglega uppbyggingu náms, samræming og gæðastjórnun.

Þá hefur verið gengið frá ráðningu verkefnastjóra á sviði: Útgáfu og kynninga, forvarna, umsýningar með átaksverkefni um sérstaka námsaðstoð, endurmenntunar starfsmanna, námskeppni fyrir grunnskólanemendur, félagsmála, tækjagæslu og við tölvuaðstoð. Einnig hefur verið samið um stofuumsjón í nokkrum námsgreinum. Kostnaður skólans vegna þessa stofnanahluta kjarasamnings jafngildir kostnaði við rúmlega tvö stöðugildi.



Fartölvuvæðing styrkir faglegt starf í skólanum

Tekin hefur verið ákvörðun um að koma upp þráðlausum sendum fyrir fartölvur á þessu skólaári. Vinna að þessu verkefni er hafin og hafa fyrstu viðræður við tölvufyrirtæki átt sér stað. Í tengslum við þetta átak verða haldin námskeið fyrir hóp kennara um notkun upplýsingatækni í kennslu. Skólinn mun fartölvuvæðast í nokkrum skrefum og í byrjun verða þeir kennarar sem farið hafa á þessi námskeið látnir ganga fyrir með fartölvur.

Erlent samstarf á þessari önn

Verkefnisstjóri alþjóðasamskipta er Halla Kjartansdóttir.

Á haustönn 2001 er erlent samstarf áberandi í skólafarfinu:

Tveir hópar nemenda og kennara þeirra frá Danmörku koma í skólann á þessari önn. Hér er um að ræða hóp menntaskólanema og tveggja kennara þeirra frá lkast sem voru hér 2.-6. október og frá Frederiksborg Gymnasium þann 15. október.

Skólastjórnendur frá Gävle í Svíþjóð koma hingað í skólann til að kynna sér íslenska skólakerfið í lok október.

Kennarar frá okkar skóla, þær Ósa Knútsdóttir og Bera Þórisdóttir, tóku þátt í norrænu þingi í Finnlandi um gerð áfanga og námsefnis á sviði tungumála. Verkefnið var styrkt rausnarlega af menntamálaráðuneytinu.

Menntaskólinn við Sund er þátttakandi í fjölþjóðlegu verkefni á vegum Sókratesar/Comeniusaráætlunar Evrópusambandsins sem ber yfirskriftina:

Improving the quality of teaching and learning by self-evaluation using teachers pairs and student groups to investigate learning styles and teaching methods.

Verkefnisstjóri er Halla Kjartansdóttir.

Meginmarkmið verkefnisins er tvíþætt:

- Að auka gæði náms og kennslu með því að skilgreina þær fjölbreytilegu aðferðir sem nemendur nota til að læra og aðlaga kennsluáðferðir mismunandi námsaðferðum nemenda.
- Að gera kennara meðvitaðri um nauðsyn þess að nota mismunandi kennsluáðferðir til að mæta betur einstaklingsþörfum nemenda.

Skólinn fékk Comeniusarstyrk skólaárið 2000-2001 og hefur fengið góðan framhaldsstyrk fyrir skólaárið 2001-2002 til að halda áfram samstarfinu. Þá hefur menntamálaráðuneytið einnig styrkt þetta verkefni. Hinir tveir erlendu skólar sem taka þátt í verkefninu eru **Borgaregatans skola í Vaasa í Finnlandi** og **De Groene Driehoek í Hoogeveen í Hollandi**.

Forvarnafulltrúi er tekinn til starfa við skólann

Í síðasta tölublaði Stubbs var vakin athygli á því að forvarnafulltrúi hafi tekið til starfa við skólann. Starf forvarnafulltrúa MS í vetur er í höndum Hafsteins Óskarssonar. Hann er með fastan viðtalstíma á þriðjudögum kl. 8:30 – 9:30 og á föstudögum kl. 10:30 – 11:30. Öllum nemendum, forráðamönnum þeirra og starfslíði skólans er velkomið að notfæra sér þjónustu hans. Netfang forvarnafulltrúa er: hafsteinno@msund.is

Hlutverk forvarnafulltrúa:

Forvarnafulltrúi sinnir skipulagningu forvarnastarfa og fræðslu í samvinnu við nemendur, forráðamenn þeirra, félagsmálafulltrúa og stjórn skólans. Hann kynnir úrræði varðandi misnotkun áfengis, tóbaks og annarra vímuefna ásamt því að vinna gegn einelti og kynþáttahatri. Náíð samstarf er við námsráðgjafa skólans hvað varðar málefni einstakra nemenda en við félagsmálafulltrúa skólans þegar kemur að mótun stefnu og aðgerðum er varða félagsmál nemenda í heild.

Húsnæðismál skólans

Eins og kom fram í síðasta tölublaði Stubbs stendur til að byggja yfir skólann.

Menntamálaráðherra sótti um lóð fyrir skólann hjá Reykjavíkurborg og nú hefur borgin svarað því til að skólanum verði fyrirhuguð lóð í nýju aðalskipulagi.

Fundur með

forráðamönnum nýnema

Fundur með foreldrum/forráðamönnum nýnema var í september. Meðal efnis á fundinum var kynning á námi við skólann, samstarf foreldra og skóla og kynning á þeirri þjónustu sem skólinn er með í boði. Umsjónarkennarar bekkja voru til viðtals. Á fundinum ræddi rektor einnig um stofnun foreldrafélags við skólann.

Styrkir til þróunarstarfs

Skólinn styrkir á þessu ári þrjú þróunarverkefni kennara.

Verkefnin eru:

Nýjungar í verklegri eðlisfræði, hönnun og þróun tilrauna.

Umsjón: Þorvaldur Ólafsson.

Námskrárvinna: Útfærsla á menningarsögusviði og gerð áfangalýsinga.

Umsjón: Sigurður Ragnarsson.

Greining námsaðferða og samhæfing náms- og kennsluáðferða.

Umsjón: Halla Kjartansdóttir.

Menntaskólinn við Sund

sími: 553-7300, bréfasími:

568-3835

netfang: ms@msund.is

vefsíða: <http://www.msund.is>